

Sp. 261. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um aðstoð til hafnarsjóðs Ísafjarðar vegna skemmda og tafa á framkvæmd hafnarmannvirkja þar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða Ísafjarðarhöfn allt að 400 þús. krónur án mótframlags vegna skemmda, sem orðið hafa á hafnarmannvirkjum á Ísafirði, og mikilla tafa við framkvæmd verksins.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt að beiðni hafnarnefndar og bæjarstjórnar Ísafjarðar. Þann 6. okt. s. l. samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðar einróma svo hljóðandi ályktun: „Bæjarstjórn Ísafjarðar skorar á Alþingi að veita á næstu fjárlögum nægilegt fé til að ljúka byggingu hafnarbakkans í Neðstakaupstað, sem verið hefur í smíðum síðustu sex árin og liggur undir stórskemmdum af ástæðum, sem telja verður að séu á ábyrgð hafnarmálastjórnarinnar.“

Aðalatriðin í sögu málsins eru þessi: Ísafjarðarhöfn hefur á undanförunum árum haft í smíðum ca. 220 metra langan hafnarbakka úr stáli. Að baki honum koma uppfyllingar, sem veita rúmgott og verðnætt athafnasvæði við höfnina.

Haustið 1947 þegar farið var að ramma niður járnþilið og verkpallar höfðu verið byggðir, vakti verkstjóri hafnargerðarinnar, Marzelius Bernharðsson, athygli vitamálastjórnarinnar á, að botninn mundi ekki vera traustur á kafla, og lagði hann til, að fyrirhuguð lína hafnarbakkans yrði færð nær landi, en á það var ekki fallizt af vitamálastjórninni. Það reyndist á rökum reist, að botninn var ótraustur, og var það staðfest með athugun, sem þáverandi vitamálastjóri, Axel Sveinsson, og Albert

Kindt verkfræðingar framkvæmdu á botnlaginu við hafnarbakkann. Sögðu þeir þá, að um tvær færar leiðir til úrbóta væri að ræða. Var önnur sú að taka upp verk-pallana framan við Neðstakaupstaðarbryggju á um 60 metra svæði, grafa burt hið ótrausta botnlag og fylla síðan aftur með traustu malarlagi. Síðan skyldu verk-pallarnir byggðir aftur og járnþilið rekið niður í sömu línu og upphaflega var ákveðið.

Dýpkunarskipið Grettir gróf hið ótrausta botnlag í burtu, og var svo fyllt upp með mól í staðinn, allt eftir fyrirmælum vitamálastjóra. Er þetta mál allt saman rakið nákvæmlega í útskrift úr gerðabók hafnarnefndar Ísafjarðar, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

En þegar járnþilið hafði verið rammað niður og þungi uppfillingarinnar lagðist á það innan frá, kom í ljós, að þilið seig smám saman fram og niður á ca. 80 metra kafla. Urðu af þessu miklar tafir á verkinu. Nú í haust, þegar verkfræðingur vitamálastjórnarinnar mældi, hversu mikið þilið hefði sigið, kom í ljós, að það hafði lækkað um 110 cm, þar sem mest var, og hafði því enn munað frá því árið áður.

Þá er það annað meginatriði þessa máls, að í fyrrihaust tilkynnti verkfræðingur vitamálastjórnarinnar, að nauðsynlegt væri að hækka allan hafnarbakkann a. m. k. um 25 cm frá því, sem áður hafði verið ákveðið af vitamálskrifstofunni. Verður sú hækkun byggð úr járnþentri steinsteypu ofan á járnþilið, og veldur þetta verulegum aukakostnaði. Með sama hætti verður steypit ofan á járnþilið, þar sem það hefur sigið, og verður hæð steypubítans, þar sem mest er, nokkuð á annan metra, eins og fyrr segir.

Telur hafnarnefnd, að kostnaður við verkið hafi aukizt mjög mikið. Í fyrsta lagi vegna upptöku á verkpöllum, burtmoksturs á ótrausta laginu, uppfillingar malar í staðinn og niðursetningar verkpalla á ný. Í öðru lagi vegna steyptrar við-bótar ofan á þilið á ca. 80 m svæði. Í þriðja lagi vegna hækkunar alls kantsins eftir á um 25 cm. Í fjórða lagi vegna malaruppfillingar utan járnþils, þar sem sigið átti sér stað. Í fimmta lagi vegna þess, að framkvæmdin á öllum síðari hluta verksins hefur nú komið á miklu dýrari tíma en ella mundi. Þá er í sjötta lagi um mikið vaxtatap að ræða hjá höfninni, bæði vegna aukins kostnaðar og mikils dráttar á verkinu, sem nú hefur staðið yfir í sex ár vegna skemmdanna.

Enn um sinn hefur þótt ráðlegast að bíða með að ganga frá þeim hluta hafnar-bakkans, sem sigið hefur, og sjá til í vetur, hvort hreyfing sé enn á þilinu. Hins vegar hefur verið gengið að fullu frá þeim hluta bakkans, sem ekki hefur orðið fyrir skemmdum (ca. 100 m), og er hann nú tekinn í notkun.

Verkfræðingar vitamálskrifstofunnar hafa áætlað, að það muni kosta um 900 þús. krónur að ljúka verkinu, og ber brýna nauðsyn til, að það megi takast á næsta sumri. Fer því fjarri, að hafnarsjóður Ísafjarðar sé fær um að bera þann kostnað að sínum hluta. Þess vegna er nú leitað til rikissjóðs um sérstaka fjárhagsaðstoð til þess að komast fram úr þessum erfiðleikum.

Þess eru nokkur dæmi, að ríkið hafi tekið á sig allan kostnað við að bæta úr tjóni, sem hafnargerðir hafa orðið fyrir. Í því kemur fram skilningur stjórnvalda á því, að einstökum stöðum getur orðið gersamlega ofviða að bera kostnað af slíkum áföllum í sambandi við dýr hafnarmannvirki. Þannig er ástatt í þessu tilfelli, og verður að vænta þess, að Ísafjörður verði nú sams konar aðstoðar aðnjótandi. Þótti mér hreinlegast að bera fram tillögu til þingsályktunar um málið, svo að þinginu væri gerð fyrir því full grein.

Það er mikil nauðsyn vegna atvinnulífsins í Ísafjarðarkaupstað, að unnt verði að ljúka byggingu hafnarbakkans á næsta sumri, en fullyrða má, að það takist ekki, nema tillaga þessi verði samþykkt og hafnarsjóði Ísafjarðar veittar 400 þús. krónur án mótfamlags vegna þess tjóns, sem hér hefur átt sér stað af óvenjulegum ástæðum, sem vafasamt er, að hægt hafi verið að komast hjá. Svo mikið er víst, að hafnarnefnd og bæjarstjórn Ísafjarðar eiga á þessu enga sök.

Þess skal að lokum getið, að þýðingarmikið atvinnufyrirtæki á Ísafirði, togara-félagið Ísfirðingur h/f, hefur þegar ákveðið að hefja byggingu mikils útgerðar- og

fiskverkunarhúss á hafnarbakkanum nýja strax á næsta vori. Þessi framkvæmd má ekki verða fyrir töfum, og nægir það eitt til að sýna, hversu aðkallandi það er, að Ísafjarðarbæ verði gert kleift að ljúka þessu milljónamannvirki. — Hér á eftir birti ég svo útskrift úr fundargerðabók hafnarnefndar Ísafjarðar, sem sýnir glögglega, hvernig verkinu miðaði áfram og hvernig í einu og öllu var farið eftir fyrirmælum sérfræðinga við framkvæmd verksins.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr fundargerðabók hafnarnefndar Ísafjarðar.

Ár 1947, þriðjudaginn 23. september.

Fyrir tekið:

I. Albert Kindt var sendur hingað vestur af vitamálastjóra til að rannsaka botnlagið við hafnarbakkann, en Marzelius hafði bent á, að botninn mundi ekki vera nægilega traustur á kafla, og lagt til, að fyrirhuguð lína yrði flutt nær landi, en á það var ekki fallið af vitamálastjórninni. Athugun Kindts leiddi í ljós, að botnlagið á kafla er mjög lélegt. Mun hann leggja athuganir sínar fyrir vitamálastjóra og hafa samráð við hann um þær leiðir, sem líklegastar eru til úrbóta. Umtalað svæði er ca. 60—80 m fyrir framan syðri hluta gömlu bryggjunnar.

Hafnarnefnd óskar þess, að tillögur eða ályktanir vitamálastjóra til úrbóta fáið sem allra fyrst.

Ár 1947, mánudaginn 13. október.

Fyrir tekið:

I. Albert Kindt, verkfræðingur hjá vitamálastjóra, skýrði frá athugunum sínum og vitamálastjóra á botnlaginu við hafnarbakkann. Taldi Kindt, að um tvær leiðir til úrbóta væri að ræða:

- a. að færa járnþilið um 60 metra norðar og upp með bátahöfninni, og styttest þá járnþilið að sama skapi við Neðstakaupstaðarbryggju, eða
- b. að taka upp verkpallana framan við Neðstakaupstaðarbryggju á um 60 metra svæði, grafa burt hið ótrausta botnlag og fylla síðan aftur með traustu malarlagi. Síðan eru verkpallarnir byggðir aftur og járnþil rekið niður í sömu línu og ráðgert hefur verið.

Hafnarnefnd telur ekki ráðlegt að stytta járnþilið til suðurs framan við Neðstakaupstaðarbryggju og leggur því til, að síðari leiðin, um að treysta botnlagið, verði farin og að skipsskrokkar þeir, sem nú eru þarna, verði rifnir burt, en það telur Kindt nauðsynlegt. Þá samþykkir hafnarnefnd að óska þess við vitamálastjóra, að „Grettir“ fáið nú þegar til að grafa upp hið ónýta botnlag og fylla upp að nýju með nothæfu efni, og leggur áherzlu á, að báðir prammarnir fylgi skipinu.

Hafnarnefnd vill benda á í sambandi við þessar breytingar, sem munu hafa nokkurn kostnað í för með sér, að vitamálastjóri áleit, er hann var staddur hér 23. júní 1945, að ekki væri nauðsynlegt að taka skipsskrokkana í Neðstakaupstaðarbryggjunni burt. Þvert á móti taldi hann heppilegast að innibyrgja bæði skipsskrokkana og bryggjuna í uppfyllinguna.

Ár 1947, mánudaginn 27. okt.

Fyrir tekið:

III. Gunnar Gíslason, skipstjóri á Gretti, mætti á fundinum og skýrði frá því, að Grettir hefði nú lokið við að grafa burt hið ótrausta botnlag við Neðstakaupstaðarbryggjuna, að svo miklu leyti sem skipið nær til vegna dýpis. Er þá lokið að grafa burt allt hið ótrausta lag bak við járnþilið, hins vegar er ekki búið að grafa nægilega framan við járnþilið.

Hafnarnefnd samþykkir að leita álits vitamálastofunnar um, hvað gera skal.

Ár 1947, fimmtudaginn 6. nóv.

Fyrir tekið:

I. Marzélius Bernharðsson bað bókað: Að hann að afstöðnum síðasta hafnarnefndarfundi hafi sent vitamálastjóra eftirfarandi skeyti 27. okt. s. l.:

„Axel Sveinsson, vitamálastjóri, Reykjavík.

Grettir hefur grafið eins og hann getur stop Vegna dýpis nær hann ekki ónýta laginu framan við stálþilið stop Allt ónýta lagið ofan við er farið á $\frac{2}{3}$ þeirrar lengdar, sem Kindt ákvað, og gamli skipsskrokkurinn stop Á $\frac{1}{3}$ lengdarinnar nást vinnupallastaurarnir ekki upp vegna festu vegna hve langt þeir eru rammaðir stop Vantar heyra frá þér hvað nú á að gera stop Má byrja fylla upp svæðið. Marzélius.“

Þessu skeyti svaraði vitamálastjóri þannig 28. okt. s. l.:

„Hef talað við Kindt og verkfræðinginn ykkar og okkur hefur komið saman um að óhætt sé að fara að fylla upp. Vitamálastjóri.“

Þá barst honum einnig 29. okt. svo hljóðandi skeyti frá bæjarverkfræðingnum, en hann fór til Reykjavíkur til viðræðna við vitamálastjórinn:

„Fylt op langs hele omraadet saa pæle kan staa fast selv om blød bund er under ikke nødvendigt at fjerne de sidste pæle. Högh.“

Á fundi þeirra verkfræðinganna kom þeim saman um, að engin hættu væri á ferðum, ef dýpið yrði aðeins $6\frac{1}{2}$ metri og fylgzt væri með því næstu ár, hvort lagið væri að skrifa fram. Mætti þá fylla aftur og halda dýpinu í $6\frac{1}{2}$ metra á hinu ótrygga svæði.

Ár 1947, laugardaginn 28. nóv.

Fyrir tekið:

I. Skipstjóri dýpkunarskipsins skýrði frá því, að hann hafi nú verið kallaður til Reykjavíkur með skipið, þar sem hann nú gæti notið fylgdar og aðstoðar vitaskipsins „Hermóður“. Enn fremur að landfyllt hafi nú verið 92 prammar, eða 10120 cub.metrar, en magnið, sem grafið hafi verið burt við Neðstakaupstaðarbryggjuna, hafi verið 10 prammar, eða 1100 cub.metrar. Af þessu magni voru 44 prammar, eða 4840 cub.metrar, grafnir burt úr bátahöfninni.

Hafnarnefndin telur mjög óheppilegt, að skipið sé nú látið hætta, án þess að landfyllingu væri lokið, eins og verkfræðingur vitamálastjóra hefur ákveðið, framan við Neðstakaupstaðarbryggju.

Marzélius Bernharðsson upplýsir, að hann hafi rætt við vitamálastjóra í síma í gærkvöldi og hafi hann verið ófánlegur til að breyta þeirri ákvörðun að láta skipið hætta nú.

Ár 1951, föstudaginn 7. sept.

Fyrir tekið:

II. Guðmundur Þorsteinsson skýrði frá tillögum vitamálastjóra um framhald framkvæmda við hafnarbakkann í Neðstakaupstað, og eru þær í aðalatriðum sem hér segir:

Í fyrsta áfanganum, sem væntanlega yrði unninn í haust, sé gengið frá og fyllt upp ofan við nyrðri helming stálþilsins og síðan grafið framan við það niður á 6.5 m dýpi. Með uppreftinum sé svo fyllt upp framan við syðri helming þilsins, þann sem sigið hefur, þannig að þar verði 6.5 m jafndýpi á svo breiðu svæði sem uppgröftur hrekkur til.

Að þessum áfanga loknum yrði þá bundinn endir á það, að nyrðri hluti þilsins standi lengur óbundinn og gangi til undan ölduhreyfingu, auk þess sem þá mætti taka hann í notkun sem viðlegupláss. Við syðri helminginn fengist aftur á móti viðsyrna fyrir þilið, og lengri tími til að fá úr því skorið, hvort um frekara sig yrði að ræða.

Að forfallalausum getur dýpkunarskipið „Grettir“ komið til Ísafjarðar síðast í september og grafið frá nyrðri hluta þilsins.

Hafnarnefnd leggur til, að fallizt verði á tilhögun þessa vegna öryggis járnþilsins.

Hafnarnefnd leggur einnig til, að óskað verði eftir því við vitamálastjóra, að „Grettir“ verði sendur hingað til uppmoksturs við hafnarbakkann.

Jafnframt felur hafnarnefnd hafnarstjóra að leita eftir framlagi úr hafnarbótasjóði í þessu skyni.

IV. Guðmundur Þorsteinsson upplýsti, að nauðsynlegt mundi vera að hækka hafnarbakkann um a. m. k. 25 cm frá því, sem áður var ákveðið af vitamálaskrifstofunni.

Hafnarnefnd leggur til, að þessi breyting verði gerð.